


Gildandi deiliskipulag frá 2005 m.s.br. mvk. 1:500



Tillaga að breytingu á deiliskipuagi í júlí 2024



Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030

SKÝRINGAR

- - - Mörk skipulagssvæðis
- Aðkomusvæði
- Fast yfirborðsefni / gámasvæði
- Flokkunarilát
- Skjólveggir
- Trjágróður tilskýringar

GREINAGERÐ

Inngangur

Í gildi er deiliskipulag fyrir Krikahverfi, íbúðarbyggð og athafnasvæði sem samþykkt var í bæjarstjórn 11.8.2005. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því síðan. Um er að ræða 12. breytingu á deiliskipulagi þessu. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Markmið

Markmið breytingarinnar er að koma fyrir grenndarstöð í hverfinu til þess að þjónusta íbúa og bæta aðgengi íbúa að flokkunarstöð fyrir endurvinnanlegt efni í samræmi við Umhverfisstefnu Mosfellsbæjar 2019-2030.

Gilandi skilmálar

Í gildi er deiliskipulag fyrir Krikahverfi, íbúðarbyggð og athafnasvæði sem samþykkt var í bæjarstjórn 11.8.2005. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því síðan. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem opið svæði milli gatna í gildandi deiliskipulagi. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

Greinargerð

Áformað er að setja upp grenndarstöð við Skálahlíð á opnu svæði við hlið eldsneytisafgreiðslustöðvar við Sunnukrika 2. Stöðin við Sunnukrika er minni grenndarstöð með 4 gámum fyrir gler, skilgaldsskyldar umbúðir, málm og textíl. Settur verður skjólveggur sem afmarkar 16 m langt og allt að 3,5 m djúpt rými fyrir gámana. Plantað verður trjá- og runnagróðri til skjóls og til að milda ásýnd.

Heimilt er að endurskoða flokkunarflokk og/eða gámafjölda eftir því sem þróun í endurvinnslu gefur tilefni til, svo fremi sem slíkt rúmist innan skjólveggjasvæðis. Heimilt er skipta út frístandandi gámum fyrir djúpgáma í framtíðinni.

Uppdráttur er leiðbeinandi þar sem útfærsla framkvæmdar getur tekið minniháttar breytingum á verkstað.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti

til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.



Gámastöðvar Mosfellsbær - Deiliskipulag



Sunnukriki

Dags: 17.07.2024 Mkv: 1:500 A3 Teikn: JGK

Óskar Órn Gunnarsson skipulagsfræðingur SFFI

Teikn. nr: D04 Breytt:

Verk nr: DA2403